

DRÖG

VERKSAMNINGUR

Íþróttamiðstöð í Búðardal

Undirritaðir, annars vegar sveitarfélagið Dalabyggð, kt. 510694-2019, Miðbraut 11, 370 Búðardal í verksamningi þessum nefnt *verkkaupi* og hins vegar Eykt ehf., kt. 560192-2319, Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík í verksamningi þessum nefnt *verktaki* gera með sér þennan verksamning.

Forsendur

- A. Þann 13.04.2022 óskaði verkkaupi eftir tilboðum í framkvæmdina: *Íþróttamiðstöð í Búðardal, Alútböð nr. 2201*. Verkið felst í byggingu íþróttamiðstöðvar í Búðardal. Miðstöðin samanstendur af íþróttasal, þjónustukjarna með búningsklefum og lyftingasal ásamt útisundlaug. Heildarstærð íþróttamiðstöðvar er um 1335 m² og þá er útisvæði sundlaugar með sundlaugakeri, vaðlaug og heitum pottum um 670 m².
- B. Gögnum þátttakenda (þjóðenda) átti að skila þann 20.05.2022; engar tilkynningar um þátttöku bárust.
- C. Þar sem engin tilkynning um þátttöku barst leitaði verkkaupi til verktaka um að hann tæki að sér verkið. Verktaki lýsti yfir vilja til að skoða möguleikann á að taka að sér verkið en nauðsynlegt var að skoða áður ákveðin atriði er lúta m.a. að hönnun- og kostnaðarþáttum verksins.
- D. Aðilar gerðu með sér viljayfirlýsingu dags. 14.10.2022 þar sem samið var um að skoða ákveðin atriði er lúta m.a. að hönnun- og kostnaðarþáttum verksins og í framhaldinu gera verksamning um verkið.
- E. Í febrúar 2023 lagði verktaki fram tilboð í verkið með tilteknum breytingum á samningsskilmálum og verklýsingu, sbr. Fylgiskjal nr. I – Tilboð verktaka. Í framhaldinu var haldið áfram að fullhanna verkið og lauk því um áramótin 2023/2024. Samhliða því var samið um frekari breytingar á verkinu út frá útboðsgögnum sbr. Viðaukar 1 og 2 í Fylgiskjali nr. I – Tilboð verktaka.

Í ljósi framangreindra forsenda gera aðilar nú með sér svofelldan samning:

1. grein

Skilgreining verks

Verktaki tekur að sér fyrir verkkaupa byggingu Íþróttamiðstöðvar í Búðardal eins og nánar er lýst í samningsgögnum. Miðstöðin samanstendur af íþróttasal, þjónustukjarna með búningsklefum og lyftingasal ásamt útisundlaug. Heildarstærð íþróttamiðstöðvar er um 1335 m² og þá er útisvæði sundlaugar með sundlaugakeri, vaðlaug og heitum pottum um 670 m². Verkið er fullhannað.

Aðilar hafa samið um breytingar frá útboðsgögnum dags. apríl 2022, sbr. Fylgiskjal nr. III – Útboðsgögn. Þessar breytingar koma fram í Fylgiskjali I – Tilboð verktaka og á teikningum (teikningar eru á verkefnavef BIM 360).

Verkið skal unnið samkvæmt samningi þessum og öðrum samningsgögnum sem kveðið er á um í grein 2 í samningi þessum.

2. grein **Samningsgögn**

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningi þessum:

1. Samningur þessi.
2. Fylgiskjal I: Tilboð verktaka.
 - a. Tilboð verktaka, dags. 22.02.2023.
 - b. Viðauki 1 – Samantekt viðbóta, dags. 01.02.2024.
 - c. Viðauki 2 – Samantekt á heildarkostnaði, dags. 25.03.2024
3. Fylgiskjal II: Teikningar – aðaluppdrættir.
4. Fylgiskjal III: Útboðsgögn apríl 2022.
5. Fylgiskjal IV: Verkáætlun dags. 06.06.2024.
6. ÍST 30:2012 – Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Sé ósamræmi á milli samningsgagna skal það sem talið er upp á undan ganga framár.

3. grein **Samningsupphæð og greiðslur**

Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka alls 1.232.764.101 kr. með virðisaukaskatti sbr. fylgiskjal I – Tilboð verktaka.

4. grein **Verkáætlun - tafabætur**

Verktaki skuldbindur sig til að fylgja eftir verkáætlun verksins, sbr. Fylgiskjal IV - Verkáætlun.

Verkinu skal að fullu lokið 04.02.2026.

Verktaki skal greiða verkkaupa tafabætur ljúki verktaki verkinu ekki innan tilskilins tíma. Verktaki skal greiða verkkaupa tafabætur að fjárhæð 150.000 kr. með virðisaukaskatti fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að skila verkinu fram yfir tilskilinn tíma.

5. grein **Breytingar á verki**

Verktaki getur ekki krafist verkkaupa um greiðslu fyrir unnið verk umfram það sem tilgreint er í samningi þessum. Verktaki skal fyrirfram leita eftir samþykki fyrir að vinna þau verk sem hann telur auka- eða viðbótarverk.

Gera skal sérstaka reikninga fyrir auka- og viðbótarverk og skulu þeir bera með sér að þeir séu vegna auka- og viðbótarverka. Aðilar skulu semja um greiðslur fyrir auka- og viðbótarverk en ekki má sú samningsgerð valda töfum á framkvæmd verksins.

6. grein **Verðlagsgrundvöllur**

Samningsfjárhæð verðbættist samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar sem Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega. Um verðbætur fer samkvæmt grein 0.5.6 – Verðlagsgrundvöllur í Fylgiskjali III – Útboðsgögn og Fylgiskjali I – Tilboð verktaka.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Búðardalur [•]. júní 2024

F.h. verkkaupa
Dalabyggðar

F.h. verktaka
Eyktar ehf.

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri Dalabyggðar

Páll Daníel Sigurðsson
framkvæmdastjóri

Vottar:

Nafn og kt.

Nafn og kt.